

Reykjavík IO ehf.
Fiskislóð 31
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 1. desember 2016
UST201611-195/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til ljósmyndatöku - Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Jörundar Rafns Arnarsonar, dags. 28. nóvember 2016, vegna leyfis til ljósmyndatöku úr þyrlu við Dyrhólaey 2. desember.

Dyrhólaey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 101/1978. Ekki er þörf á sérstöku leyfi til kvikmyndatöku innan friðlandsins ef ekki er um að ræða jarðrask eða mannvirkjagerð. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða lágflug yfir eyjunni svo hægt sé að taka þar ljósmyndir sem notaðar verða við gerð þrívíddarmynda af svæðinu. Gert er ráð fyrir að flughæð verði um 300 fet eða 90 metrar hæð. Áætlað er að tókurnar taki 30 mín.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnislýsingu, að tókurnar séu ekki líklegar til að rýra verndargildi svæðisins og valda miklum truflunum á dýralífi. Þó fyll sé í björgunum á stöku stað þá er varptíma lokið.


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti ljósmyndatökurnar við Dyrhólaey að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tókur hefjast og þegar þeim líkur.
- Takmarka skal þann tíma sem flogið er yfir eyjunni eins og kostur er.
- Ef miklar truflanir verða á fuglalífi innan svæðisins skal tókum hætt.
- Óheimilt er að lenda þyrlunni innan friðlandsins.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi þarf frá Samgöngustofu fyrir lágfluginu.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi og framkvæmdir á friðlýstum svæðum er 39.400 kr., sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllt


Kristín L. Arnadóttir
Forstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur